



Gjaldskrá akstursþjónustu aldraðra og fatlaðs fólks

1. gr. Gildissvið

Með vísan til X kafla og 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Notendur greiða fyrir aksturþjónustu sem veitt er á vegum stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Nánar er fjallað um aksturþjónustu um í reglum sem sveitarfélagið hefur sett sér um akstursþjónustu aldraðra og akstursþjónustu fatlaðs fólks.

2. gr. Svæðisskipting þjónustusvæðis

Við ákvörðun upphæðar gjalds fyrir aksturþjónustu er horft til gjaldskrár Strætó BS innan sveitarfélagsins. Sveitarfélaginu er skipt upp í 8 gjaldsvæði með eftirfarandi hætti.

Svæðisskipting		
1	0-2 km.	Höfn - Innanbæjar
2	2-20 km.	Hafnarnes - Hoffell
3	21-40 km.	Viðborðssel - Flatey
4	41-60 km.	Skálafell - Kálfafell
5	61-80 km.	Hali - Jökulsárlón
6	81-100 km.	Ekkert lögbýli
7	101-120 km.	Hnappavellir - Hof
8	121-140 km.	Sandfell - Skaftafell

3. gr. Fjárhæð gjalds

Upphæð fargjalds fer annarsvegar eftir akstri innan gjaldsvæði í samræmi við 2. gr. í gjaldskrá þessari, og hins vegar eftir flokkun akstursþjónustu. Ástæður akstursþjónustu er skipt upp í 3 flokka sem eru eftirfarandi

1. Akstursþjónusta í dagdvöl aldraðra í Ekru eða dagþjónustu fatlaðs fólks í Miðgarði
 - a. Akstur í dagvist aldraða og dagþjónustu fatlaðs fólks er gjaldfrjál
2. Akstursþjónusta í nauðsinlega þjónustu. Nauðsinleg þjónusta er t.d. á Heilsugæslu HSu á Höfn, til sjúkrahjálfa, tannlæknis, í banka, í matvöruverslun eða í hárgreiðslu.
 - a. Akstur í nauðsinlega þjónustu miðast við hálf t. gjaldskrár Strætó BS á svæðinu.
3. Önnur akstursþjónusta
 - a. Akstur vegna erinda sem ekki flokkast til nauðsynlegrar þjónustu nýtur ekki forgangs við veitingu þjónustu. Fyrir hann er rukkað fullt gjald skv. gjaldskrá strætó BS á svæðinu.

Gjaldskrá akstursþjónustu er eftirfarandi:



Gjaldskrá akstursþjónustu				
Svæði	Skilgreining	Miðgarður / Ekran	Önnur nauðsynleg þjónusta	Annar Akstur
1	Höfn -Innanbæjar	- kr.	150 kr.	300 kr.
2	2-20 km	- kr.	300 kr.	600 kr.
3	21-40 km	- kr.	450 kr.	900 kr.
4	41-60 km	- kr.	600 kr.	1.200 kr.
5	61-80 km	- kr.	750 kr.	1.500 kr.
6	81-100 km	- kr.	950 kr.	1.900 kr.
7	101-120 km	- kr.	1.100 kr.	2.200 kr.
8	121-140 km	- kr.	1.250 kr.	2.500 kr.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars innan þjónustusvæðis

4. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn

Notendum er heimilt að hafa með sér annan farþega sé það tekið fram þegar pantað er og greiðir notandinn þá sama verð fyrir hann. Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati matsnefndar Þjónustunnar heim er hægt að krefjast þess að aðstoðarmaður fylgi notanda. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

5. gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.

Afpanta skal ferð með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri.

6. gr.

Innheimta gjalds

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

7. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi tekur gildi þann 10. janúar 2025.

Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 07.01.2025

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 09.01. 2025

